

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 36. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nú greiðir bakábyrgðar-aðili lífeyrissjóðs, sem nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík verðbréf óháð takmörkunum skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 15. desember 2006.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*